

Snæfellsbær
bt. Davíðs Viðarssonar, forstöðumanns Tæknideildar
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbær
david@snb.is

Dags. 23.10.2020
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2018-0036
0.5.1

Með erindi dags. 8. október sl. óskaði Snæfellsbær eftir ábendingum Veðurstofu Íslands um lýsingu vegna breytingar á aðalskipulagi sveitarfélagsins 2015-2031 á Hellnum (Gíslabær og Melabúð 1).

Veðurstofan gerir ekki athugasemdir við lýsingu þessa.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason
forstjóri VÍ

**Snæfellsbær**

B.t. Davíð Viðarsson
Klettabúð 4,
360 Snæfellsbær

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 – lýsing og matslýsing, vegna ferðaþjónustu á Gíslabæ og landnotkun lóðarinnar að Melabúð 1 á Hellnum.

Vísað er til erindis forstöðumanns tæknideildar Snæfellsbæjar dags. 08.10.2020 sl. þar sem óskað er umsagnar vegagerðarinnar um ofangreinda skipulagstillögu. Vegagerðin hefur yfirfarið skipulagstillögur skv. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Síða 1/1

Vegagerðin hefur farið yfir tillöguna og gerir ekki athugasemdir við hana.

Vegagerðin bendir á að skv. Vegalögum nr. 80/2007 er veghelgunarsvæði stofnvega 30 m til hvorrar handar frá miðlínu vega en 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Vegagerðin óskar eftir að fá tillögu senda til umsagnar á öllum stigum skipulagsferils og óskar eftir nánu samráði um alla þætti er snúa að málefnum Vegagerðarinnar.

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Snæfellsbær
Davíð Viðarsson
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær

8. október 2020
MÍ202010-0035/ 6.08 / M.A.S.

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Efni: Lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031, Hellnum vegna ferðaþjónustu á Gíslabæ og landnotkunar lóðarinnar að Melabúð 1

Með tölvupósti, dagsettum 8. október 2020, óskaði Davíð Viðarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um lýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031, Hellnum vegna ferðaþjónustu á Gíslabæ og landnotkunar lóðarinnar að Melabúð 1.

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Minjavörður Vesturlands hefur farið yfir lýsinguna og gerir ekki athugasemd að svo stöddu enda fái hann tillöguna aftur til umsagnar þegar breytingarnar verða lagðar fram. Fornleifaskráning var gerð fyrir Hellnar og Arnarstapa af Ragnari Edvardssyni á vegum Fornleifastofnunar Íslands (lokaskýrsla útgefin árið 2001, nr. FS089-9903), og taldist nægileg þá. Minjastofnun Íslands setti hinsvegar fram nýja staðla fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundinn 1. janúar 2013.

Íslands setti fram nýja staðla fyrir fornleifaskráningu 2012 og varð notkun þeirra lögbundinn 1. janúar 2013. Samkvæmt þeim stöðlum þarf að staðsetja þekktar fornleifar inná skipulagsuppdrátt ásamt 15 metra verndarsvæði. Við deiliskipulagsgerð skal taka tillit til skráðra fornleifa, þ.e. að verndun fornleifa sé höfð að leiðarljósi þegar t.d. framkvæmdasvæði eru tilgreind og ákvæði sett inn í greinagerð til verndunar þeirra. Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Virðingarfyllst,

Magnús A. Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Afrit sent: Skipulagsstofnun

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

Snæfellsbær
Davíð Viðarsson
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbær

Reykjavík 20. október 2020
UST202010-084/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015 - 2031 – Gíslabær - Hellnar

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Snæfellsbæjar er barst 8. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegnar breytingar á aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015 – 2031, fyrir Gíslabæ.

Í greinargerð kemur fram að breytingin varðar uppbyggingu ferðaþjónustu á landi Gíslabæjar, þar sem svæði fyrir verslun og þjónustu verður stækkað, þar sem fyrirhugað er að reisa allt að 1.200 m² hótél og átta 40 m² smáhýsi, og svæði fyrir íbúðarbyggð er minnkað. Auk þess kemur fram að landnotkun á lóð Melabúðar 1 breytt úr svæði fyrir frístundabyggð í svæði fyrir íbúðarbyggð.

Forsendur og ferðamenn

Í greinargerð kemur fram að fjöldi ferðamanna hefur aukist á svæðinu undanfarin ár og því mikilvægt að byggja upp innviði og þjónustu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar og áhrif.

Friðlandið

Ströndin við Stapa og Hellna var friðlýst árið 1979 og er þar ríkulegt fuglalíf. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að uppbygging og aukin fjöldi ferðamanna hafi ekki neikvæð umhverfisáhrif á ásýnd svæðisins og fuglalíf. Umhverfisstofnun benda á mikilvægi þess að tillagan taki tillit til 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað sé um í tillögunni hvort landnotkun og framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæði. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*“

Ásýnd og rask

Í greinargerð kemur fram að stefnumörkun Snæfellsbæjar er skýr um að nýtingarhlutfall verði lágt á svæði neðan vegar og lögð er áhersla á að byggð verði lágreist, falli vel að landi og skilmálar verði strangir. Umhverfisstofnun tekur undir að mikilvægt er að huga vel að ásýnd svæðisins og er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er.

Umhverfisstofnun bendir á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson
sérfræðingur

Snæfellsbær
Davíð Viðarsson, skipulags- og byggingarfulltrúi
Klettsbúð 4
360 Hellissandur

Reykjavík, 14. október 2020

Tilvísun: 202010022 / 3.2

Efni: Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi vegna landnotkunar á Hellnum.

Snæfellsbær hefur, með erindi dags. 8. október 2020, óskað umsagnar Skipulagsstofnunar um lýsingu, dags. í ágúst 2020, vegna breytingar á aðalskipulagi sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Viðfangsefni fyrirhugaðrar skipulagstillögu er í meginatriðum að stækka landnotkunarreit VP-6 fyrir ferðaþjónustu á Gíslabæ og að breyta lóð Melabúðar úr frístundabyggð í íbúðarbyggð. Breytingin hefur áhrif á afmörkun og stærð íbúðarbyggðar ÍB-2, frístundabyggðar F-8 og reit VP-6 fyrir verslun og þjónustu. Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er fyrirhugað að vinna deiliskipulag fyrir svæði verslunar og þjónustu í landi Gíslabæjar.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur lýsinguna veita góða mynd af viðfangsefni skipulagsbreytingarinnar. Minnt er á að leita samráðs við íbúa og aðra hagsmunaaðila á svæðinu í vinnsluferlinu.


Hafdis Hafliðadóttir

Stefán Jónsson

From: Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Sent: föstudagur, 23. október 2020 15:36
To: Stefán Jónsson; Hildigunnur Haraldsdóttir (hildo@husk.is)
Subject: FW: Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

From: Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>
Sent: föstudagur, 23. október 2020 15:23
To: Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar <byggingarfulltrui@snb.is>
Subject: RE: Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

Með tölvupósti dagsettum þann 8. október s.l. var Samgöngustofu boðið að gera athugasemdir við lýsingu að breyttu skipulagi Snæfellsbæjar.

Samgöngustofa gerir ekki sérstakar athugasemdir við lýsinguna.

Með kveðju / Best regards,

Halldór Zoëga

Deildarstjóri mannvirkjadeildar / Specialist, Port Installations and Maritime Navigation



From: Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar <byggingarfulltrui@snb.is>
Sent: 08.10.2020 11:36:36
To: skipulag@skipulag.is; magnus.a.sigurdsson@minjavernd.is; ni@ni.is; 'bjosve@rarik.is'
; Samgongustofa almennt; ust@ust.is; office@vedur.is; vegagerdin@vegagerdin.is; Heilbrigdiseftirlit Vesturlands; Stefán Jónsson
Subject: Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

Hér með er lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum send til kynningar og samráðs í samræmi við 30. grein skipulagslaga. Fyrirhuguð breyting varðar uppbyggingu ferðaþjónustu á landi Gíslabæjar, þar sem svæði fyrir verslun og þjónustu verði stækkað og svæði fyrir íbúðarbyggð minnkað. Einnig verði landnotkun á lóð Melabúðar 1 breytt úr svæði fyrir frístundabyggð í svæði fyrir íbúðarbyggð.

Lýsingin er einnig aðgengileg á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is

Hægt er að skila ábendingum vegna lýsingarinnar til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið byggingarfulltrui@snb.is til og með 25. október 2020.

Kveðja/Regards

Davíð Viðarsson

Forstöðumaður Tæknideildar Snæfellsbæjar

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Snæfellsbær Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær

Sími: 433-6900, **Farsími:** 898-8557

Tölvupóstur: david@snb.is

www.taeknadeild-snb.is

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans geta innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Ef hann berst fyrir mistök, vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið tölvupóstinum.

This e-mail and it's attachments may contain confidential information intended for the named addressee only. If you are not the intended recipient, please notify the sender and delete the e-mail.

Fyrirvari á tölvupósti / e-mail disclaimer
<http://www.samgongustofa.is/fyrirvari/>

Stefán Jónsson

From: Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Sent: föstudagur, 23. október 2020 15:36
To: Hildigunnur Haraldsdóttir (hildo@husk.is); Stefán Jónsson
Subject: FW: Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum
Attachments: Trausti%20Baldursson_files/image001.gif

From: Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>
Sent: föstudagur, 23. október 2020 14:28
To: Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar <byggingarfulltrui@snb.is>
Subject: Re: Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

Tilvísun í málsnr. 202010-0015 (TB)

Vísað er til meðfylgjandi tölvupósts frá Snæfellsnesbæ, dags. 8. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um lýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum. Um er að ræða breytingu vegna ferðaþjónustu við Gíslabæ, stækkum á svæði fyrir verslun og þjónustu, og minnkun á svæði fyrir íbúðabyggð auk breytingu á svæði fyrir frístundabyggð á lóð Melabúðar 1 í íbúðarsvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda lýsingu og telur hana lýsa vel þeim atriðum sem þarf að skoða við frekari vinnslu á skipulaginu. Nefna má sérstaklega nálægð við friðlýst svæði og vernd lífríkis, jarðmyndana og landslagseinkenna á svæðinu auk tengsl þess við þjóðgarðinn.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir í ferlinu verð þörf á því sbr. kafla um kynningarferli og samráð.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



From: "Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar" <byggingarfulltrui@snb.is>
To: "skipulag@skipulag.is" <skipulag@skipulag.is>; "magnus.a.sigurdsson@minjavernd.is" <magnus.a.sigurdsson@minjavernd.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "bjosve@rarik.is" <bjosve@rarik.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "office@vedur.is" <office@vedur.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "Heilbrigðiseftirlit Vesturlands" <heilbrigdiseftirlit@hev.is>; "Stefán Jónsson" <stefan@snb.is>
CC:
Subject: Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

Date: 8.10.2020 11:36:41



Samráð vegna lýsingar á breytingu aðalskipulags Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum

Hér með er lýsing vegna breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 á Hellnum send til kynningar og samráðs í samræmi við 30. grein skipulagslaga. Fyrirhuguð breyting varðar uppbyggingu ferðaþjónustu á landi Gíslabæjar, þar sem svæði fyrir verslun og þjónustu verði stækkað og svæði fyrir íbúðarbyggð minnkað. Einnig verði landnotkun á lóð Melabúðar 1 breytt úr svæði fyrir frístundabyggð í svæði fyrir íbúðarbyggð.

Lýsingin er einnig aðgengileg á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is

Hægt er að skila ábendingum vegna lýsingarinnar til skipulags- og byggingarfulltrúa á netfangið byggingarfulltrui@snb.is til og með 25. október 2020.

Kveðja/Regards

Davíð Viðarsson

Forstöðumaður Tæknideildar Snæfellsbæjar

Skipulags- og byggingarfulltrúi

Snæfellsbær Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær

Sími: 433-6900, Farsími: 898-8557

Tölvupóstur: david@snb.is

www.taeknadeild-snb.is

Tölvupóstur þessi og viðhengi hans geta innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á. Ef hann berst fyrir mistök, vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið tölvupóstinum.

This e-mail and it's attachments may contain confidential information intended for the named addressee only. If you are not the intended recipient, please notify the sender and delete the e-mail.

